

**Ályktun aðalfundar Kirkjugarðasambands Íslands,
sem haldinn var í Borgarnesi laugardaginn 31. maí og
sunnudaginn 1. júní 2014, send innanríkisráðherra og
fjármála- og efnahagsráðherra.**

Aðalfundurinn fagnar því að innanríkisráðherra hafi skipað þriggja manna nefnd eftir tilnefningu frá innanríkisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti og kirkjugarðaráði til að fara yfir fjármál kirkjugarða, m.a. skýrslu Haraldar L. Haraldssonar hagfræðings sem kom út árið 2013, samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 og fleiri brýn mál er snerta málaflokkinn, s.s. frumvarp til laga um breyting á lögum um kirkjugarða sem bíður afgreiðslu þingsins.

Ætla má að meginverkefni nefndarinnar verði að bera saman fjárveitingar ríkisins við raunverulegan kostnað við rekstur kirkjugarða.

Lögð er áhersla á að þau mörgu brýnu málefni kirkjugarða, sem verið hafa á borði innanríkisráðherra, verði afgreidd í framhaldi af störfum nefndarinnar þjóðinni til heilla.

Borgarnesi, 1. júní 2014,
f. h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,
formaður.